



Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

***Breyting á reglum um fjárhagsaðstoð til bráðabirgða vegna IPS-verkefnis***

Á fundi velferðarráðs þann 19. júní 2019, var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra, dags. 19. júní 2019, ásamt minnisblaði sviðsstjóra dags. sama dag, um tímabundna undanþágu frá reglum um fjárhagsaðstoð vegna IPS- verkefnis:

Lagt er til að svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða verði bætt við reglur um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg á eftir gildistökuákvæði reglanna í 37. gr.:

„Ákvæði til bráðabirgða

Þeir einstaklingar sem taka þátt í tilraunaverkefninu IPS (Individual Placement Support) eiga rétt á undanþágu frá ákvæði 1. mgr. 12. gr. hvað varðar frádrátt tekna við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar. Heimilt verður að veita undanþágu vegna atvinnutekna sem nema allt að 50.000 kr. á mánuði.

Tilraunatímabilið mun standa frá 1. júlí 2019 til 31. desember 2019.“

Greinargerð fylgir tillögu.

Samþykkt.

Tillagan er hér með send borgarráði til samþykktar.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskar eftir því að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu framangreindra reglna í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,

Dís Sigurgeirsdóttir  
skrifstofustjóri



Lagt fyrir 356. fund velferðarráðs 19. júní 2019

VEL2019060009

RÁ/kg

## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

***Efni tillögu: Tímabundin undanþága frá reglum um fjárhagsaðstoð vegna IPS-verkefnis.***

Lagt er til að svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða verði bætt við reglur um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg á eftir gildistökuákvæði regnanna í 37. gr.:

„Ákvæði til bráðabirgða

Þeir einstaklingar sem taka þátt í tilraunaverkefninu IPS (Individual Placement Support) eiga rétt á undanþágu frá ákvæði 1. mgr. 12. gr. hvað varðar frádrátt tekna við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar. Heimilt verður að veita undanþágu vegna atvinnutekna sem nema allt að 50.000 kr. á mánuði. Tilraunatímabilið mun standa frá 1. júlí 2019 til 31. desember 2019.“

### **Greinargerð:**

IPS (Individual Placement Support) er starfsendurhæfingarúrræði sem byggir stoðir sínar á gagnreyndum aðferðum. Hugmyndafræði IPS byggir á því að atvinnuráðgjafi vinni markvisst að því að aðstoða einstaklinga við að finna atvinnu við hæfi og veita starfsmanni og vinnuveitenda stuðning í kjölfarið. Markmiðið er að einstaklingar sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu og aðra þjónustu á velferðarsviði fái aukinn stuðning við atvinnuleit og á vinnustað og að vinnuheldni aukist. Mikilvægt er að þeir sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu sjái hag í því að stunda atvinnu sem felur í sér bæði fjárhagslegan og persónulegan ávinning. Aðlögun að vinnumarkaði þarf því að verða einstaklingsmiðuð en þátttaka í verkefninu gefur tækifæri til þess að fólk treysti sér til að taka þessi skref. Markmiðið er að einstaklingarnir fá tækifæri til aðlögunar út á vinnumarkaðinn og um leið að auka lífsgæði þeirra.

Innleiðing IPS hófst á velferðarsviði í mars 2019 og mun standa í tvö ár eða til mars 2021. Til að auka hvata þeirra sem hafa verið á fjárhagsaðstoð til langs tíma til að taka skrefið út á vinnumarkaðinn er lagt til að framfærsla þeirra sem fara í atvinnu í gegnum verkefni á grunni IPS verð ekki skert, krónu á móti krónu eins og gert er ráð fyrir í reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð, heldur verði atvinnutekjur allt kr. 50.000 á mánuði undanskyldar frádrætti fjárhagsaðstoðar. Um er að ræða tilraun til sex mánaða fyrir að hámarki 25 þátttakendur á hverjum tíma. Kostnaður við umrædda tillögu nemur

að hámarki 1,25 m.kr. á mánuði eða alls 7, 5 m.kr. á sex mánaða tímabili ef miðað er við að 25 þjónustuþegar nýti sér undanþáguna. Til langs tíma litið er ávinningur verkefnisins mikill. Ef 25 einstaklingar færu í vinnu og þyrftu ekki lengur á fjárhagsaðstoð að halda munu á einu ári sparast 60 mkr. Hámarksframfærslustyrkur einstaklings er 201.269 kr. á mánuði.

Framfærslustyrkurinn er á áætlun miðað við fyrstu 3 mánuði ársins en fjárhagsaðstoð samtals er um 2% yfir áætlun miðað við sama tíma.

Fylgiskjöl:

Jafnréttisskimun.

Minnisblað, dags. 19. júní 2019, með ítarlegri upplýsingum um IPS-verkefnið.



## Minnisblað

**Viðtakandi:** Velferðarráð  
**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

***Efni: Minnisblað vegna tillögu að innleiðingu á IPS (Individual Placement and Support), unnið af Kristjönu Gunnarsdóttur, skrifstofustjóra og Stefaníu Sörheller, deildarstjóra.***

IPS starfsendurhæfingarúrræði byggir stoðir sínar á gagnreyndum aðferðum en hugmyndafræði IPS byggir á því að atvinnuráðgjafi vinni markvisst að því að aðstoða einstaklinga við að finna atvinnu við hæfi og veita starfsmanni og vinnuveitenda stuðning í kjölfarið. Markmiðið er að fleiri einstaklingar sem fá þjónustu á velferðarsviði komist í vinnu með bættum stuðningi, að meiri samfella skapist í þjónustunni og að vinnuheldni aukist.

IPS er þjónusta sem veitt er þvert á borgina, með aðkomu allra þjónustumiðstöðva og tryggir samræmi í þjónustu óháð búsetu. Verkefnið er tilraunaverkefni sem hófst 1. mars 2019 og stendur í tvö ár. Tveir starfsmenn voru ráðnir sérstaklega til verkefnisins, verkefnastjóri í 50% starf og atvinnuráðgjafi í 100%. Skipuð hefur verið framkvæmdastjórn yfir verkefninu, auk verkefnahóps sem metur umsóknir og fylgir eftir ákvörðunum.

Verkefnastjóri heldur utan um verkefnið, innleiðir, þjálfar og handleiðir starfsmenn á þjónustumiðstöðvunum, í búsetukjörnum fyrir geðfatlaða og í endurhæfingarúrræðum á vegum velferðarsviðs. Atvinnuráðgjafi sinnir einstaklingsvinnu þar sem markvisst er unnið út frá einstaklingsáætlun, útvegar notendum velferðarsviðs starf við hæfi og er í tengslum við vinnuveitendur og atvinnulífið.

Starf atvinnuráðgjafa byggir alfarið á þörfum og vali einstaklingsins til vinnu og lögð er áhersla á að atvinnuleitin sé bæði hvetjandi og áhugamiðuð. Grunnþættir í IPS hugmyndafræðinni eru:

1. Allir einstaklingar eru gjaldgengir á vinnumarkað.
2. Félagsþjónusta/þjónustumiðstöðvar, heilbrigðisþjónusta og vinnuveitendur vinna saman að settu marki.
3. Einstaklingar stundi samkeppnishæfa atvinnu.

4. Ráðgjöf um réttindi, framfærslu og skerðingar innan bótakerfisins.
5. Hraðvirk atvinnuleit.
6. Virkur stuðningur.
7. Virðing fyrir vali og vilja einstaklinga.
8. Reglulegar heimsóknir atvinnuráðgjafa á vinnustað til stuðnings, ráðgjafar og upplýsingamiðlunar.

Marhópur er:

- Einstaklingar sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu og eru með vilja til að vinna
- Einstaklingar í átaks/endurhæfingarúrræðum á vegum velferðarsviðs
- Einstaklingar sem eru í búsetuúrræðum fyrir geðfatlaða

Þeir einstaklingar sem eru með fjárhagsaðstoð til framfærslu þurfa að hafa fengið fjárhagsaðstoð samfleytt í a.m.k. 6 mánuði sl. 12 mánuði, en þeir sem eru í endurhæfingaverkefnum hafa flestir verið með með endurhæfingalífeyri.

Á kynningarfundum sem voru haldnir á þjónustumiðstöðvum með ráðgjöfum komu fram áhyggjur ráðgjafa vegna skerðingar á fjárhagsaðstoð til þeirra sem fara í vinnu, en samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð eru allar tekjur frádráttarbærar. Alls staðar kom fram mikilvægi þess að gefa notendum aðlögunartíma svo þeir upplifi umbun fyrir að fara í vinnu bæði fjárhagslega og persónulega s.s. að safna réttindum á vinnumarkaði ofl.

Reynslan hefur sýnt að flestir sem fara í vinnu gegnum IPS fara í hlutastarf, allt frá 10% og upp í 80%. Mikilvægt er að tryggja að þeir einstaklingar sem verða í hlutastarfi beri ekki minna úr bótum en réttur til fjárhagsaðstoðar veitir og að þátttaka í verkefninu sé fjárhagslegur hvati fyrir viðkomandi.

Lagt er til að hluti tekna þeirra sem fara í atvinnu gegnum verkefnið og eru með fjárhagsaðstoð til framfærslu, verði ekki skertar krónu á móti krónu eins og gert er ráð fyrir í reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð, heldur verði atvinnutekjur allt að kr. 50.000,- á mánuði undanskyldar frádrætti frá fjárhagsaðstoð. Notandi getur því haft allt að 251.268 kr. á mánuði til framfærslu án þess að til skerðingar komi og hjón og fólk í sambúð allt að kr. 372.028 á mánuði. Er þessi upphæð sambærileg við þá upphæð sem einstaklingur á örorku eða endurhæfingalífeyri fær frá Tryggingastofnun ríkisins.

Tillagan gerir ráð fyrir að þetta fyrirkomulag verði til 6 mánaða og metið að þeim tíma liðnum.

Staðan í dag er sú að verkefnahópur hefur fjallað um mál alls 32 einstaklinga sem mögulega gætu tekið þátt í verkefninu. Þar af eru 11 einstaklingar sem eru að ljúka þátttöku í átaksverkefnum, 20 með fjárhagsaðstoð og einn býr í sértæku húsnæði. Alls eru 25 einstaklingar á bið eftir að fá vinnu og þar af eru átta komnir í virkt ferli. Einn einstaklingur er kominn í vinnu og tveir hafa byrjað í vinnu sem ekki gekk sem skyldi.

#### **Niðurstaða:**

Gert er ráð fyrir að allt að 25 einstaklingar verði þátttakendur í verkefninu á hverjum tíma. Ef 50.000 kr. tekjur yrðu undanskyldar frádrætti fjárhagsaðstoðar hjá hverjum og einum þátttakanda væri kostnaður að hámarki 1.25 m.kr. á mánuði eða alls 7,5 m.kr. í

heildina á sex mánaða tímabili. Til langs tíma litið er ávinningur verkefnisins mikill. Ef 25 einstaklingar færu í vinnu og þyrftu ekki lengur á fjárhagsaðstoð að halda munu á einu ári sparast 60 mkr. Hámarksframfærslustyrkur einstaklings er 201.269 kr. á mánuði.

Framfærslustyrkurinn er á áætlun miðað við fyrstu 3 mánuði ársins en fjárhagsaðstoð samtals er um 2% yfir áætlun miðað við sama tíma.

Markmið verkefnisins verður metið í lok árs en reynsluna má m.a. nýta við endurskoðun reglna um fjárhagsaðstoð. Líðan þátttakanda í verkefninu er metin við upphaf þess og endir sem er einnig mikilvægur þáttur í mati á verkefninu.



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags.:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

## FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

### Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

### Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	18. júní 2019
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Kristjönu Gunnarsdóttur
Verkefni/tillaga:	<i>Þeir einstaklingar sem taka þátt í tilraunaverkefninu IPS ( Individual Placement Support) eiga rétt á undanþágu frá ákvæði 1. mgr. 12. gr. hvað varðar frádrátt tekna við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar. Heimilt verður að veita undanþágu vegna atvinnutekna sem nema allt að 50.000 kr. á mánuði. Tilraunátímabil verkefnisins sem mun standa frá 1.júlí 2019 til 31. desember 2019.</i>
Þjónustubáttur:	Fjárhagsaðstoð til framfærslu og félagsleg ráðgjöf
Stofnun/kostn.st.:	Velferðarsvið
Fjárhæð:	Að hámarki 7,5 m.kr. yfir 6 mánaða tímabil.
Annað:	

### Jafnréttisskimun:

<b>Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?</b>
Tillagan felur í sér að í tilviki þeirra einstaklingar sem fara í atvinnu á grundvelli IPS verkefnisins verði heimilt að veita undanþágu vegna atvinnutekna sem nemur allt að 50.000 kr. á mánuði. Markmiðið með tillögunni er að styðja einstaklinga í störf á atvinnumarkaði með þéttri eftirfylgd og ráðgjöf.
<b>Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.</b>
Í apríl sl. eru 61% karlar og 39% konur sem hafa fengið fjárhagsaðstoð samfleytt í 6 mánuði og lengur. Verkefnahópur IPS hefur fjallað um 30 beiðnir en af þeim varða 27 karla. Það er því ljóst að fleiri karlar en konur eru metnir í þörf fyrir úrræðið. Verkefnahópur verður falið að skoða nánar ástæður þessa.
<b>Hvaða hópa snertir tillagan?</b>
Konur og karla sem hafa fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu í 6 mán. eða lengur á undanförunum 12 mánuðum og í einstaka tilfellum íbúa í sértæku húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar
<b>Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.</b>
Tillagan hefur þau áhrif að þeir einstaklingar sem taka þátt í verkefninu fá skipulagðan og aukinn stuðning og eftirfylgd í störf á atvinnumarkaði og tækifæri á að auka tekjur sínar og lífsgæði.
<b>Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?<sup>1</sup> Ef tillagan verður samþykkt verður farið í jafnréttismat.</b>

<sup>1</sup> Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

